

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
605 Akureyri

Reykjavík, 26. september 2023
UST202309-096/B.S.
10.05.00

Efni: Framkvæmdarleyfi - endurbætur á landbúnaðarlandi og stækkun túna í Hvammi

Vísað er til erindis Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar dags. 8. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um haugsetningu efnis í landi Hvamms með það fyrir augum að endurbæta landbúnaðarland.

Fyrir liggur álit Óshólmanefndar dags. 7. desember 2022 og þar segir m.a.: „Óshólmanefnd telur æskilegast að verndarsvæðið fái að haldast óskert en verði talið nauðsynlegt að koma til móts við landeigendur mun nefndin ekki leggjast gegn því að heimiluð verði ræktun á þurrasta hlutanum meðfram Eyjafjarðará.“

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vernda votlendið á svæðinu.

Ef aðilar verða ásáttir um að haugsetningin verðir í samræmi við miðlunartillögu Óshólmanefndar gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis þar að lútandi.

Stofnunin bendir á að sé jarðvegurinn mengaður, þá er meðhöndlun hans starfsleyfisskyldur skv. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur